

Sýningar á ljósmyndum hvað vinsælastar

Tilkynnt var í síðustu viku að samfélagsafnið í San Francisco myndi eftir tvö ár opna nýja viðbyggingu og yrði stærsta rýmið helgað sýningum á ljósmyndaverkum. Verða það stærstu salir helgaðir ljósmyndalist sem nokkurt safn hefur upp á að bjóða.

Samkvæmt sérfræðingum sem vitnað er til í umfjöllun *The Art Newspaper*, þá koma þær áherslur ekki á óvart; ljósmyndin er sá miðill sem virðist draga flesta gesti á sýningar um þessar mundir. Er leitt að því líkum að stórukin ljósmyndun almennings, og myndaskipti af öllu tagi á samskiptavefjum, hafi ýtt undir þessa þróun.

Sem dæmi má nefna að um 5.000 gestir skoða daglega glæsilega sýningu á verkum Henris Cartier-



AFP

Vinsælt Gestir á sýningu með verkum Roberts Mapplethorpes.

Bressons í Pompidou-safninu í París og að yfir 3.000 manns skoða daglega árlegar sýningar, „New Photography“, í MoMA í New York.



Skíragull „Það var líka græfa að ná að kynnast manninum bak við brosið – þar var bara skíragull að finna,“ segir í minningarpistli Vernharðar Linnét um hljóðfæraleikarann Friðrik Theodórsson sem lést í mars sl.

Söfn • Setur • Sýningar



LISTASAFN ÍSLANDS

Fríkirkjuveg 7, 101 Reykjavík, sími 515 9600, www.listasafn.is
Opíð daglega kl. 11-17, lokað mánudaga.

FORM, LITUR, LÍKAMI: HÁSPENNA / LÍFSHÆTTA

Magnús Kjartansson 7.3.-11.5. 2014

GERSEMAR - DÝR Í BÚRI 8.11. - 11.5. 2013

LETTRES À LA MER

Sýning á videóverki franska listamannsins, Renaud Perrin á kaffistofu safnsins.

SAFNBÚÐ - Listrænar gjafavörur • KAFFISTOFA - Ljúffengar veitingar

LOKAÐ Á PÁSKADAG OG ANNAN Í PÁSKUM

SAFN ÁSGRÍMS JÓNSSONAR Bergstaðastræti 74, sími 561 9616, www.listasafn.is

Sýningin, HÚSAFELL ÁSGRÍMS. Opíð sunnudaga kl. 14-17.

LOKAÐ Á PÁSKADAG OG ANNAN Í PÁSKUM

LISTASAFN SIGURJÓNS ÓLAFSSONAR Laugarnestanga 70, sími 553 2906, www.iso.is

Sýningin, BÖRN AÐ LEIK. Opíð laugardaga og sunnudaga kl. 14-17

LOKAÐ Á PÁSKADAG OG ANNAN Í PÁSKUM



ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS

Gleðilega páska, lokað á páskadag og 2. dag páska

Sumardagurinn fyrsti, 24. apríl: Ókeypiss aðgangur

Teiknibókin lifnar við á Torgi

Silfur Íslands í Bogasal

Silfursmiður í hjáverkum í Horni

Betur sjá augu – Ljósmyndun íslenskra kvenna 1872-2013 í Myndasal

Þjóð verður til – Menning og samfélag í 1200 ár – grunnsýning

Skemmtilegir ratleikir

Safnbúð og kaffihús

Þjóðminjasafn Íslands, Suðurgötu 41, s. 530 2200,
www.thodminjasafn.is • www.facebook.com/thodminjasafn

Opíð alla daga nema mánudaga í þjóðminjasafni 11-17.



Shop Show
Samtíma hönnun

Hnallþóra í sólinni
Dieter Roth

Lokað á páskadag
Opíð annan í páskum 12-17

Opíð 12-17, fim. 12-21, lokað þri.
www.hafnarborg.is, sími 585 5790
Aðgangur ókeypis



HEIMAR
SUNNUN

Eru tilbóin,
frú forseti?

Leiðsagnir föstudaga kl. 12.10

Lokað páskadag
og annan í páskum

Opíð kl. 12-17. Lokað mánud.
Garðatorg 1, Garðabær
www.honnunarsafn.is



Listasafn Reykjanesbæjar
MANNLEGAR VIDDIR

Sefán Boulter og Stephen L. Stephen
sýna mannamyndir
15. mars – 27. apríl

Bátasafn Gríms Karlssonar
Byggðasafn Reykjanesbæjar

Opíð virka daga 12-17,
helgar 13-17.
Aðgangur ókeypis
reykjanesbaer.is/listasafn

Verið
velkomin

Grófslípaði djassdemanturinn

AF DJASSI

Vernharður Linnét
linnet@simnet.is



Einhverju sinni er ég var að kynna kvartett Friðriks Theodórssonar í beinni útsendingu á Rás 2 það ég hann að syngja „All of me“. Hann svaraði að bragði: „Jú, jú, og svo er venjulega beðið um „That's a plenty“.“

Við vinir hans og allur almenn-ingur kölluðum hann venjulega Frikka eða Frikka The við hátíðleg tækifæri og hann var fæddur húmoristi og kunnir vel að gantast með vaxtarlag sitt – ekki síður en Svavar Gestis. Ég kynntist honum fyrst í Jazzklúbbi Reykjavíkur um 1966 og þá var hann mikil hetja í mínum augum því að hann hafði unnið það afrek að fá kvartett trompetleikarans Joes Newmans til að leika við opnun Hótel Loftleida. Ég man enn myndina sem birtist í Mogganum 1966 af Frikka baksviðs í sjónvarpsþætti Sammys Davis jr. að spjalla við Joe Newman og básúnmeistarara djassins; J.J. Johnson. Frikki The með sjálfum J.J. Johnson. Þá var Frikki bara bassaleikari, en löngu seinna skipti hann yfir í básúnuna – fyrst takkabásúna og hlustaði á Bob Brookmeyer meira en flestir Íslendingar, en síðan spilaði hann einnig á sleðann.

Það voru ekki margir kontrabassaleikarar þegar Frikki hóf að slá bassann. Lærifaðir hans, Ervin Koeppen, sem lék með Sinfó og Birni R., Bóbó Waage, Jón bassi, Bjóssi bassi, Aðalsteinn í Brynjólfsbúð í Vestmannaeyjum og fáeinir aðrir. Það var brjáláð að gera; spilaði í Leikhúskjallaranum með Sigga kanslara, á Vellinum með Einari Loga og víðar og að sjálfsgöðu unnin allan daginn „alvöruvinna“, eins og það var kallað og flestir íslenskir hljóðfæraleikarar gerðu á þessum árum. Eitt sinn sagði mér gamall kennari Frikka, píanistinn Aage Lorange, að þegar hann væri spurður hvað hann gerði og hann svaraði að hann væri í tónlist þá væri aftur spurt: „Já, en hvað gerirðu?“

Frikki var flottur kontrabassaleikari, mikill á velli eins og hljóðfærið, og minnstætt er þegar Tómas R. Einarsson, sem nú er einn af höfuðkontrabassaleikurum Íslandsdjassins, var spurður fyrir aldarfjórðungi af hverju hann hefði farið að spila á bassa. Hann svaraði: „Niels-Henning kom hér með tríó 1978, ég hugsa að ég hafi fengið hugmyndina þá. Svo fór ég í tíma

» Hann kunnir flestum betur að vekja gleði hjá áheyrendum og halda sveiflunni heitri.

hjá Scott Gleckler í Tónskóla Sigur-sveins þar sem ég haltraði gegnum ensk þjóðlög af takmarkaðri getu og enn minni áhuga. Það eina sem mig langaði til var að geta spilað undir í blús eins og ég hafði séð Friðrik Theodórsson gera á djasskvöldi á Hótel Sögu. Hugmyndina hef ég trúlega fengið í Háskólabíói hjá Niels-Henning og svo var það náttúrulega Friðrik, mér þótti hetjulegt að sjá hann spila.“

Þess má geta að Niels-Henning og Friðrik voru vel kunnugir og þegar Niels-Henning og Philip Catherine léku í Háskólabíói 1981 lá Frikki á Grensásdeild eftir brjósklosaðgerð. Hann fékk lánadan sérstakan bekk, lét flytja sig í Háskólabíó og naut tónleikanna baksviðs. Hann var framkvæmdastjóri Jazzhátíðar Reykjavíkur er Niels-Henning lék í síðasta skipti á Íslandi og báðir létust þeir skyndilega eftir óvænt hjartaáfall.

En hverfum aftur á Hótel Loftleidur. Vikan sem Joe Newman-kvartettinn lék þar var eftirminnileg, en svo var lítið um djass þar til Frikki fékk þá frábæru hugmynd upp úr 1980 að hafa „djassbrunch“ í hádeginu og lék þar oft sjálfur og fékk flesta fremstu djassleikara þjóðarinnar til að spila með. Þar var djassinn hans Frikka á dagskrá – happídjass fyrir alla fjölskylduna – og ósjaldan mætti maður og skemmti sér konunglega.

Frikki var ekki alltaf að hugsa um allar réttu nóturnar á réttu stöðunum; hann var hinn grófslípaði demantur Íslandsdjassins, sem kunnir flestum betur að vekja gleði hjá áheyrendum og halda sveiflunni heitri. Kannski var hann bestur sem söngvari. Hann er eini Íslendingurinn, karlkyns, sem náð hefur valdi á skattsöngnum – hinum orðlausa söngspuna sem Louis Armstrong opinberaði fyrst á hljómplötu 1926, en var að sjálfsgöðu ævagamall. Frikki var ekkert feiminn að stíga á svið með stórdjassistum erlendum á djasshátíðum og skatta af lífs og sálar kröftum áheyrendum til skemmtunar og í tónlist sinni var Frikki fyrst og fremst gleðigjafi. Hann var mörgum erlendum djassleikurum eftirminnilegur og þeir

spurðu gjarnan um Fred þegar fundum bar saman á djasshátíðum sem annars staðar. Danska saxófónmeistararnum Bent Jædig varð tíðrætt um flugferðina góðu með Fred til Vestmannaeyja, en á heimleiðinni leyfði Frikki honum að taka í stýrið og upphófst þá mikill velt-ingur, en flugstjórinn Frikki hafði að sjálfsgöðu stjórn á öllu.

Við störfuðum áratugum samvaxningar og stjórn RúRekdjasshátíðarinnar, er ég var þar framkvæmdastjóri, og eftir að Útvarpið dró sig út úr þeirri samvinnu og Frikki varð framkvæmdastjóri Jazzhátíðar Reykjavíkur var ég aðstoðarmaður hans í kynningarmálum um árabíl. Það var alltaf ævintýri að vinna með Frikka og óteljandi kaffibollarnir í Haðalandi og Efstaleiti. Stundum hringdum við hvor í annan fram eftir nóttu og vorum ekki alltaf sammála og þá var skellt á. Eftir fimm mínútur hringdi síminn: „Venni, Frikki hérna. Er ekki allt í góðu?“ Og að sjálfsgöðu vart allt í góðu og áróðursherferðinni fyrir djasshátíð fram haldið undanbragðalaust.

Það eru ekki allir sem gera sér grein fyrir hlutverki Friðriks Theodórssonar í vexti djasstónlistarinnar á Íslandi. Fyrir utan að vera vinsæll hljóðfæraleikari og djasssöngvari var hann frábær skipuleggjandi sem nýtti sér reynsluna úr viðskiptalífnum djassinum til framdráttar og ómetanlegar voru Jazzfréttirnar, sem hann sendi yfir átta hundruð manns í tölvupósti um langt árabíl. Tveir menn koma mér í hug jafnákafir og Frikki í djasstrúboðinu: Jón Múli, sem kynnti Íslendingum djassinn í óteljandi djassþáttum, og Þráinn Kristjánsson, sem rak Jazzklubb Reykjavíkur um árabíl og fékk hingað til lands fjölda erlendra djassmeistarara. Það var heiður að fá að vinna með Frikka öll þessi ár, oft kynntum við saman eins og þegar Árni djassgoði Ísleifsson bauð okkur sem heidursgestum á tíundu djasshátíð Egilsstaða og alltaf smullum við saman. Frikki með gamanmál sem salurinn hló sig máttlausan að og ég, sem kann varla að segja brandara, með eitthvað jarðbundnara um tónlistina. Það var líka græfa að ná að kynnast manninum bak við brosið – þar var bara skíragull að finna. Hann bar ekki tilfinningar sínar á torg, en þegar hann var heiðraður fyrstur manna, af stjórn Jazzhátíðar Reykjavíkur, viknaði hann. Það er ekki alltaf sem ævilöng hugsjónabarátta er virt að verðleikum.